



# Staðarreglur á Setbergsvelli 2020

1. Vallarmörk eru hvítir hælur meðfram 1., 2., 3. og 9. braut.
2. Eftirfarandi er hluti vallar:
  - öll mannvirki önnur en ofaníbornir vegir og stígar; og
  - gamlar heyvinnsluvélar.
3. Fjarlægðarhælur, Auglýsingaskilti, ruslafötur og bekkir á vellinum eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt reglu 16.1. Engin lausn fæst samkvæmt reglu 15.2.
4. Þegar bolti leikmanns liggur innan *almenna svæðisins* og þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar, má leikmaðurinn taka vítalesa lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:

Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).

Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað,

**Ein kylfulengd** frá viðmiðunarstað, **en** með eftirfarandi takmörkunum:

Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:

- Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn, og
- Það verður að vera á *almenna svæðinu*.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e.

5. Ef bolti er innan vítasvæðis fyrir aftan flöt á holum 1, 3, 4, 6 og 8 og það er vitað eða nánast öruggt að bolti stöðvaðist innan vítasvæðisins, má leikmaðurinn taka aðra af eftirfarandi lausnum, gegn **einu vítahöggi**:

- Taka lausn samkvæmt reglu 17.1.
- Viðbótarmöguleiki: að láta upphaflega boltann eða annan bolta falla á fallreiti sem eru staðsettir við viðkomandi holur. Fallreitir eru merktir með skilti sem á stendur "Fallreitur" og er lausnarsvæðið **ein kylfulengd** frá skiltinu, **þó ekki nær holu**. Fallreiturinn er *lausnarsvæði* samkvæmt reglu 14.3.

Að öðru leyti skal leika samkvæmt golfreglum “Rules of Golf as approved by R & A Rules Limited and The United States Golf Association”

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarreglunar: *Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.*“

# Viðbótar staðarreglur vegna Covid-19

## Flaggstöng (Covid-19 frávik)

Óheimilt er að snerta flaggstöngina eða fjarlægja hana úr holunni. Ef flaggstöngin er snert fyrir slysi er það vítalaust.

## Bolti í holu (Covid-19 frávik)

Við þær aðstæður þar sem holan er fódruð að innan, t.d. með svamphólk, og boltinn er í holunni, en ekki allur undir yfirborði flatarinnar þá er hann í holu. Meiri líkur en minni eru að hann hvíli upp við flaggstöngina og þá gildir regla 13.2c.

**Bætt lega í glompu, færa um lengd kylfugrips (Covid-19 frávik)** Þar sem hrífur hafa verið fjarlægðar úr glompu og ástand hennar er mjög ójafnt þá má leikmaður taka vítalaus lausn einu sinni áður en höggið er slegið, með því að leggja upphaflega boltann innan lausnarsvæðis og leika honum þaðan.

- Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
- Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: lengd kylfugrips (ekki púttar) frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
- Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis
  - Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og
  - Það verður að vera í glompunni.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e. Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.

**Víti fyrir brot á staðarreglu:** Almennt víti (Höggleikur - tvö högg, Holukeppni – holutap)

Að öðru leyti skal leika samkvæmt golfreglum “Rules of Golf as approved by R & A Rules Limited and The United States Golf Association”

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarreglunar: *Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.*“